

Skólaráðsfundur þann 29. október 2021 klukkan 8:00-9:15.

Mættir: Guðlaug Erla, Magnea Kristín, Ólafía, Iðunn, Kristófer, Signý, Dagbjört, Áslaug, Kristín, Áshildur

1. Hlutverk skólaráðs rætt, en skólaráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólastjóri hefur sent fulltrúum handbók um skólaráð og hvetur fulltrúana til að kynna sér vel innihaldið: <https://ingunnarskoli.is/wp-content/uploads/2019/08/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>
2. Guðlaug mun senda póst á alla foreldra til að kynna skólaráðið. Þar verður bent á að nöfn og netföng þeirra sem eru í ráðinu sé að finna á heimasíðu skólans. <https://ingunnarskoli.is/skolarad/>
3. Einu sinni á ári fara fulltrúar nemenda í skólaráðinu í alla bekkir nema 1. bekk og spyrja þá nemendur hvað þeir séu glaðir með og hvað megi betur fara í skólanum okkar. Góðar og gagnlegar ábendingar eru svo teknar fyrir á næsta skólaráðsfundi. Hugmynd um að fulltrúarnir komi tvisvar á ári í bekkina, fyrst til að kynna sig og skólaráðið og síðar til að ræða um skólastarfið. Einnig rætt um að hægt væri að vera með hugmyndakassa inni á svæðunum sem nemendur geta sett sínar hugmyndir í og komið til skólaráðsins.
4. Nemendur spurðu út í vinnustaðaheimsóknir og hvers vegna það væri ekki meira af slíku eins var áður. Skólastjóri svaraði því að þetta hefði lagst niður vegna stöðunnar með Covid en skólinn vildi gjarnan vera í tengslum við atvinnulífið og að mikilvægt að hafa slíkt skipulag í huga þegar að staðan verður betri.
5. Aðgerðaráætlun Menntastefnu Reykjavíkur 2022-2024 rædd en fulltrúar í skólaráði höfðu fengið hana senda áður en Skóla- og frístundasvið óskaði eftir umsögnum frá skólaráðum og foreldrafélögum. Hverjum skóla er ætlað að taka mið af þessar áætlun inn í sína starfsemi. Allir sammála um að stefnan sé góð en sumir velta fyrir sér hvernig þetta kemur til framkvæmdar inni í skólanum og að nauðsynlegt sé að borgin hugi að góðu svigrúmi fyrir skólanna til að geta unnið með þær áherslur sem settar eru á oddinn.
6. Gróskuverkefnið rætt. Allir nemendur í 8.-10. bekk fá Chromebook-vél til eigin afnota fyrir jólin til að nota í náminu og næstu árin er stefnan að allir nemendur skólans fái tæki til afnota.
7. Rætt var um að mikilvægt væri að fá foreldra tvítyngdra barna inn í foreldrafélagið eða skólaráðið til þess að fá þeirra sjónarmið og væntingar inn á borð.
8. Austur – vestur verkefnið kynnt og rætt en þar er áhersla á skapandi starf og tækni, sjá nánar: <https://sites.google.com/rvkskolar.is/austurvestur/heim>
9. Erasmus verkefnið kynnt og rætt, farið verður til þriggja landa og þar verða loftslagsmálin efst á baugi og reynt verður að finna sameiginlegar lausnir.
10. Talað var að gott væri að leyfa nemendum að skammta sér sjálfir á diskana en vegna Covid var aftur byrjað að skammta nemendum. Rætt um matarsóun í þessu samhengi. Byrjað verður á því að bjóða nemendum að skammta sér sjálfir aftur um leið og staðan með Covid verður betri.

11. Rætt um hugmynd um að byggja við skólann á svæðinu þar sem lausu stofurnar eru og færa t.d. heimilisfræðina þangað út og stækka svo eldhúsið inn í heimilisfræðistofuna en það er mjög þröng aðstaðan fyrir mötuneytið.
12. Unglingar kvarta yfir því að vatnið í könnunum sé volgt þegar þeir koma í matinn. Er hægt að finna lausn á því? Hugmynd að nemendur selji álbrúsa sem halda köldu til auðvelda þeim að vera með kalt vatn bæði með matnum og í skólanum. Væri t.d. hugmynd fyrir fjáröflun 10. bekkjarins.
13. Námsmatið kom til umræðu og hvort hægt væri að hafa fimm matskvarða – bæta við *á góðri leið*.
14. Foreldrum finnst þetta ruglingslegt og skilja t.d. ekki hvernig hægt er að draga saman í lokin. Mjög skiptar skoðanir á þessu nýja námsmati og sitt sýnist hverjum. Einhverjir tala um að þetta dragi hugsanlega úr samanburði og streitunni sem fylgir honum.
15. Guðlaug spurði hvað fólki finnst um að foreldrar og nemendur komi saman í skólanum – t.d. að sjá Skrekks atriðið næstkomandi þriðjudag og fyrirlestur Örnú Steinsen hjá KVAN. Er það ráðlegt í ljósi hækkandi smittalna? Rætt um að skólaráð myndi styðja þá ákvörðun sem yrði tekin en hugmund um að fresta fyrirlestrinum en bjóða þeim foreldrum sem eiga börn í Skrekks-atriðinu að koma og horfa.
16. Ákveðið var að hafa fundi vetrarins á föstudögum kl. 8:00-9:00. Fundir vetrarins voru settir niður: 26. nóvember, 21. janúar, 11. febrúar, 1. apríl og 13. maí.